

## Stjórnarfundur í Félagi prófessora við ríkisháskóla

1. fundur stjórnar 2018-2019, þriðjudaginn 14. ágúst 2018

Mætt voru: Rúnar Vilhjálmsson, Gísli Már Gíslason, Grétar Þór Eyþórsson (í Skype sambandi), Magnús Gottfreðsson, Oddný G. Sverrisdóttir, Sigurður Konráðsson, Þórólfur Matthíasson auk Kristínar Færseth.

Rúnar Vilhjálmsson formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.20.

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 8. stjórnarfundar 2017-2018 lögð fram til samþykktar.
2. Verkaskipting stjórnar.
3. Kröfugerð félagsins í aðdraganda kjarasamninga:
  - a) Kennsluafsláttur.
  - b) Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.
  - c) Matskerfið.
4. Dómnefndar- og framgangsmál.
5. Önnur mál.
  - a) BHM – afmæli BHM 23. okt. og stofnun rannsóknasjóðs.

### 1. Fundargerð 8. stjórnarfundar 2017-2018 lögð fram til samþykktar

Farið var yfir fundargerð 8. stjórnarfundar og var hún samþykkt án athugasemda.

### 2. Verkaskipting stjórnar

Formaður lagði til að Þórólfur Matthíasson yrði áfram varaformaður félagsins og Gísli Már Gíslason gaf kost á sér sem gjaldkeri. Þetta var samþykkt einróma.

### 3. Kröfugerð félagsins í aðdraganda kjarasamninga

Áður en umræða hófst um kröfugerð félagsins í aðdraganda kjarasamninga greindi formaður frá fundi sem hann, ásamt tveimur fulltrúum úr stjórn félagsins, áttu fyrir í sumar með rektor HÍ, aðstoðarrektor vísinda og framkvæmdastjóra sameiginlegrar stjórnsýslu. Fundurinn var haldinn að frumkvæði FPR og meðal efna á málaskrá var yfirstandandi endurskoðun og viðhorfskönnun á matskerfinu, fjárhagsstaða Háskólans og stofnanasamningar og skýrslan um kynjajafnrétti við HÍ.

Rektor eyddi mestum tíma fundarins í að ræða skýsluna um kynjajafnrétti og taldi að betra hefði verið að skýrslan hefði fari í rýni eða umsögn áður en hún var kynnt. Skýrslan hefur enn ekki verið endurskoðuð þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir FPR við vinnubrögð og niðurstöður skýrsluhöfunda en óljóst er hvort af þeirri endurskoðun verður.

Í tengslum við endurskoðun á matskerfi opinberu háskólanna stóð samstarfsnet opinberu háskólanna í byrjun sumars fyrir könnun meðal akademískra starfsmanna opinberu háskólanna um viðhorf til matskerfisins og vinnumatssjóða. Vegna viðhorfskönnunarinnar sendu stjórnir Félags prófessora við ríkisháskóla, Félags háskólakennara og Félags háskólakennara á Akureyri rektorum ríkisháskólanna alvarlegar athugasemdir við könnunina. Mat félaganna var að könnunin hafi verið með þeim annmörkum að ekki yrði hægt að byggja á henni að neinu marki við endurskoðun matskerfis

ríkisháskólanna eða varðandi ákvarðanir um framtíð og fyrirkomulag kjaratengdra sjóða akademískra starfsmanna. Rektor virtist taka athugasemdir félaganna til greina þannig að væntanlega verður ekki byggt að neinu marki á könnuninni við endurskoðun matskerfisins. Stjórnendum Háskólans var einnig gerð grein fyrir að við næstu kjarasamningsgerð stefndi FPR að endurheimt eldri kennsluafsláttarins að virði til. Rektor tók því ekki illa en lagði áherslu á að huga þyrfti að dreifingu kennsluafsláttarins meðal kennara.

a) Verklag og framkvæmd við úthlutun á árangurstengdri tilfærslu starfsþátta (kennsluafslætti) hefur áður verið á dagskrá stjórnar og ýmsar tillögur komið fram. Meðal annars hefur verið rætt um hvort takmarka ætti samfelldan kennsluafslátt við tvö eða þrjú ár, hvort afnema ætti tilnefningarleiðina og úthluta eftir sömu reglu fyrir allan skólann. Ef síðari leiðin yrði farin myndi halla nokkuð á hlut kvenna við úthlutun kennsluafsláttar. Þá hefur einnig verið rætt um hvort hafa mætti reglurnar gagnsærri með því að úthluta ekki sérstaklega til sviða og deilda. Stjórnarmenn ræddu málið en þar sem ólík sjónarmið komu fram innan stjórnar hefur ekki verið tekin ákvörðun um breytingar. Málið verður áfram á dagskrá.

b) Stjórnin er sammála um tilvist Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora. Niðurlagning sjóðsins er ekki sammuningsatriði.

c) Stjórn FPR hefur ítrekað sent frá sér athugasemdir um matskerfi opinberra háskóla. Bæði sérstakar athugasemdir um matsreglur vegna rannsókna og í febrúar sl. voru einnig sendar ítarlegar athugasemdir um matsreglur vegna stjórnunar, þjónustu, kennslu og rannsókna. Engin viðbrögð hafa borist frá Háskóla Íslands vegna athugasemda félagsins. Stjórnarmenn voru sammála um að Háskólinn væri að nota matskerfið í ólíkum tilgangi, m.a. í fjárveitingu til sviða. Það þurfi að greina vandann og koma því til skila við Háskólann að hann þurfi að þróa sína eigin mælikvarða um fjárveitingar fremur en að nota sjóðsreglur félaganna til þess.

#### **4. Dómnefndar- og framgangsmál**

Formaður vakti athygli á háu hlutfalli prófessora á Íslandi miðað við þau lönd sem við berum okkur gjarnan saman við. Þar sem félagið er ekki aðeins kjarafélag heldur einnig fagfélag ber því skylda til að fylgjast með því að framgangsreglur séu faglega ásættanlegar og að eftir þeim sé farið. Með breytingum á reglum um framgang árið 2015 voru gerðar ríkari kröfur til hæfni og reynslu prófessora en annarra háskólakennara þar sem þeim er ætlað leiðandi hlutverk í akademískum málefnum háskóla í sínum fræðigreinum. Í umræðu stjórnarmanna var því velt upp hvort kerfið væri orðið að vélrænu ófaglegu launaframgangskerfi þar sem efnislegum rökstuðningi væri ábótavant, t.d. um framlag viðkomandi til vísindanna. Ákveðið var að taka þetta mál upp við samráðsnefndina.

#### **5. Önnur mál**

a) Vakinn var athygli á 60 ára afmæli BHM hinn 23. október nk. Af því tilefni hefur verið ákveðið að stofnaður verði rannsóknasjóður í þeim tilgangi að stuðla að rannsóknum á íslenskum vinnumarkaði. Drög að samþykktum Rannsóknasjóðs BHM voru send stjórnarmönnum fyrir fundinn en aðildarfélögum BHM gefst kostur á að koma með athugasemdir fram til 4. september. Athugasemdir við drögin bárust frá einum stjórnarmanni en stjórnin ákvað að láta drögin ganga á milli sín áður en athugasemdir verða sendar BHM.

b) Formaður greindi frá fundi formannaráðs BHM sem haldinn var deginum áður. Þar voru drög að óbirtri skýrslu Gylfa Zoëga prófessors um stöðu efnahagsmála í aðdraganda kjarasamninga á dagskrá. Í skýrslunni eru t.d. tillögur um að lækka kostnað í bankakerfinu, endurskoða útreikning húsnæðisliðar í vísitölu neysluverðs, tenging persónuafsláttar við launavísitölu og styttingu vinnutíma. Í skýrslunni kemur einnig fram að skýrsluhöfundur telur svigrúm til launahækkana vera um 4%.

c) Vakinn var athygli á því að þar sem ekki er lengur hægt að fá ársmat vegna kennslu nægilega sundurliðað er erfitt fyrir kennara að fylgjast með hvort rétt sé talið fram. Þar sem þessi staða stuðlar að ógagnsæi var ákeðið að taka málið upp við samráðsnefndina.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.00

Kristín Færseth, fundarritari.

